



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir Verk og vit skipta miklu máli fyrir byggingar- og mannvirkjagerð.

VB.MYND/EYÞÓR

# Þörf á aukinni innviðafjárfestingu

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir Verk og vit skipta miklu máli fyrir byggingar- og mannvirkjagerð. Mikill kraftur búi í iðnaðinum og störf þeirra sem hafa unnið þrekvirki í baráttunni við náttúruöflin á Reykjanesi sanni það. Auka verði fjárfestingu í innviðum landsins, bæði nýfjárfestingu sem og endurbætur.

Þetta er sýning sem skiptir miklu máli fyrir byggingar- og mannvirkjagerð. Þarna koma fyrirtæki tengd greininni saman og kynna það sem þau hafa upp á að bjóða,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Að sögn Sigurðar á sér stað mikil framþróun innan greinarinnar og má búast við að ýmsar nýjungar verði kynntar til sögunnar á sýningunni.

„Það er í höndum iðnaðarins að byggja upp flestalla innviði sem fólk notar á hverjum einasta degi og því skiptir svona sýning, sem veitir innsýn inn í

geirann, mjög miklu máli. SI hafa stutt við bakið á þessu framtaki og komið að sýningunni frá upphafi ásamt fleiri góðum aðilum.

Byggingariðnaðurinn skapaði rúmlega 8% af landsframleiðslu árið 2023 og í greininni störfuðu um 18.500 manns það ár, auk þess sem ársvelta iðnaðarins var þá í kringum 600 milljarðar króna. Líkt og framangreindar tölur gefa til kynna er umfang iðnaðarins hér á landi mjög mikið og er hann samfélaginu mikilvægur – ekki einungis með umfangi sínu í landsframleiðslu og vinnumarkaði heldur einnig sem uppbyggingaraðili

Byggingariðnaðurinn skapaði rúmlega 8% af landsframleiðslu árið 2023 og í greininni störfuðu um 18.500 manns það ár, auk þess sem ársvelta iðnaðarins var þá í kringum 600 milljarðar króna.

innviða sem eru stöðir annarra greina hagkerfisins. Í því samhengi má nefna uppbyggingu húsnæðis fyrir iðnað, ferðaþjónustu, sjávarútveg og aðrar greinar. Því til viðbótar má nefna innviði landsins, meðal annars í samgöngum og veitukerfi sem leggja grunn að daglegu lífi landsmanna og verðmætasköpun hagkerfisins. Á síðasta ári nam fjárfesting í íbúðarhúsnæði tæpum 200 milljörðum, fjárfesting atvinnuveganna tæplega 250 milljörðum og opinber fjárfesting um 120 milljörðum. Þessu til viðbótar eru viðhaldsverkefni greinarinnar umtalsverð,“ bætir hann við.





Að sögn Sigurðar má búast við því að ýmsar nýjungar verði kynntar til leiks á Verk og vit.

VB MYND/EYÞÓR



### Kraftur í iðnaðinum

Sigurður segir mikinn kraft búa í iðnaðinum og fólkinu sem þar starfar.

„Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með hetjunum í iðnaði að störfum á Reykjanesi undanfarna mánuði við hreint út sagt ótrúlegar aðstæður í baráttu við óblíð náttúruöfl og í kappi við tímann.



Varnargarðarnir hafa svo sannarlega sannað gildi sitt og beint glóandi hraunstraumnum frá byggð og snör handtök við að koma heitu vatni til tugþúsunda íbúa svæðisins komu í veg fyrir mikið tjón. Við heyrum stundum að iðnaðurinn dragi lappirnar í framkvæmdum, sem er alrangt. Viðbragðið á Reykjanesi sýnir


### Mikil aðsókn í iðnnám

Talið berst að menntamálam en Samtök iðnaðarins hafa um langt skeið bent á að það þurfi fleiri iðnmenntaða einstaklinga á vinnu-markaðinn. „Öflugur mannauður skiptir fyrirtækin svo sannarlega máli og þess vegna leggjum við svo mikla áherslu á iðnnám annars vegar og tækni-, list- og raungreinánám (STEAM) hins vegar. Fyrir nokkrum árum síðan fórum við í samstarf með menntamálaráðuneytinu í tíð Lilju Alfreðsdóttur en ávöxtur þess samstarfs er stórukin aðsókn að iðnnámi. Samstarfið snerist um kynningu á iðnnámi sem unnið var með verknáms-skólunum og svo ýmsar mikilvægar breytingar á kerfinu. Vegna þess að aðstöðu og fjármagn vantaði var ekki hægt að mæta þessum aukna áhuga á náminu en 600-1.000 umsóknum hefur verið hafnað á ári undanfarin ár. Ásmundur Einar hefur unnið ötullega að því að bæta úr þessu og hefur nú lagt grunninn að stækkun húsnæðis víða um land svo hægt sé að taka við fleiri nemendum. Stærsta einstaka verkefnið verður svo nýtt húsnæði Tækniskólans sem verður flaggskip iðnmenntunar á Íslandi. Það hefur lengi verið á teikni-borðinu en það stýttist í framkvæmdir. Á síðustu árum höfum við í reynd séð einhverjar mestu framfarir hvað varðar iðnmenntun í fjölda ára. Þetta er liður í aukinni samkeppnishæfni Íslands því öflugur mannauður með þá hæfni sem þarf hverju sinni leggur grunn að verðmætasköpun í samfélaginu.“

vel að málin stranda ekki á iðnaðinum heldur annars staðar. Tugir manna og öflugar vinnuvélar voru komnar á verkstað og einungis var beðið eftir grænu ljósi frá Alþingi og ráðherra svo hægt væri að hefjast handa. Um leið og það kom þá hófust framkvæmdir og hundruð manna hafa unnið myrkurana á milli síðan þá.“

Þörfin á frekari innviðauppyggingu hér á landi hefur lengi verið í umræðunni og segir Sigurður að auka verði fjárfestingu í innviðum landsins, bæði nýfjárfestingu sem og endurbætur.

„Í skýrslu sem SI gaf út árið 2021, ásamt Félagi ráðgjafarverkfræðinga, kemur fram að uppsöfnuð



viðhaldsþörf innviða á vegum hins opinbera nemi rúmlega 400 milljörðum króna, það er því svo sannarlega þörf á að ráðast í stóratök til að bæta úr þessu. Fjölgun landsmanna og vöxtur atvinnuvega kallar einnig á auknar fjárfestingar í vegakerfinu. Þó að ráðherra hafi aukið fé til viðhalds vegakerfisins undanfarin ár þá hefur það ekki dugað til og það þyrfti nokkra milljarða á ári til viðbótar bara til þess að halda kerfinu í horfinu. Sveitarfélögin bera svo ábyrgð á um helmingi vegakerfisins í kílómetrum talið og þar þarf einnig að auka fjárfestingu til að tryggja ásætlanlegt ástand vegna. Samvinnuverkefni (PPP) eru ein leið til þess að byggja upp nýja vegi þar sem ríki og einkaaðilar sameinast um verkefni. Innviðaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, hefur verið ötull talsmaður slíkrar leiðar við uppbyggingu vegna og þurfum við að sjá slík verkefni verða að veruleika. Þetta var hægt fyrir um þremur áratugum þegar eldhugar stofnuðu félagið Spöl sem síðan fékk byggingarverktaka til að grafa göng undir Hvalfjörð. Þetta er að sjálfsögðu hægt í dag. Slík verkefni myndu flýta nauðsynlegri uppbyggingu innviða. Samtök iðnaðarins halda ráðstefnu í tengslum við sýninguna Verk og vit þar sem sjónum verður beint að fjármögnun í vegaframkvæmdum, bæði hvað hið opinbera varðar en einnig verður rætt um samvinnuverkefni.“

### Mestu framfarir í mörg ár

Á undanförunum árum hafa orðið breytingar á starfsumhverfi mannvirkjagerðar. Innviðaráðuneytið varð til fyrir



Sigurður segir nauðsynlegt að auka fjárfestingu í innviðum landsins.

rúmunum tveimur árum síðan þar sem öll málefni mannvirkjagerðar eru á sama stað. Þá hafa stofnanir verið sameinaðar. Sigurður segir starfsumhverfi hafa breyst til hins betra þó enn sé verk að vinna.

„Með stofnun innviðaráðuneytis þar sem málefni byggingariðnaðarins eru að mestu leyti sameinuð í einu ráðuneyti var stórt skref stigið til aukinnar skilvirkni. Mikið umbótastarf hefur verið unnið í málaflokknum og má þar nefna endurskoðun laga, heildarendurskoðun byggingarreglugerðar sem nú stendur yfir, einföldun regluverks með einu ferli leyfisveitinga, áherslu á stafræna stjórn-sýslu sem mun leiða til einfaldara ferlis leyfisveitinga sem og bættrar yfirsýnar. Yfirsýn hefur í gegnum tíðina verið mjög ábótavant, upplýsingar eru misvísandi eftir stofnunum og fyrir vikið er erfiðara að taka ákvarðanir. Margt er enn óunnið en á undanförunum árum hafa þó orðið mestu framfarir í mörg ár.“

### Umræðan byggir stundum á misskilningi

Lengi hefur verið rætt um húsnæðismarkaðinn og að byggja þurfi fleiri íbúðir. „Fjölgun landsmanna kallar á

byggingu nýrra íbúða. Þetta eru engin vísindi en engu að síður hefur ekki tekist að koma á jafnvægi á húsnæðismarkaðnum á undanförunum árum. Sveitarfélögin ráða því hve mikið er byggt, hvar er byggt og hvernig íbúðir eru byggðar, einfaldlega vegna þess að þau fara með skipulagsvald og veita byggingarleyfi. Þá geta þau ráðstafað lóðum í sinni eigu. Þegar fjölgun landsmanna er svona ör eins og verið hefur undanfarin ár þá verður ríkisvaldið að spila stærra hlutverk gagnvart sveitarfélögum. Það var góð nálgun hjá ráðherra að gera samninga við sveitarfélögin um uppbyggingu en þeim samningum þarf að fjölga verulega svo uppbyggingin verði í takt við þarfir landsmanna.“

Sigurður segir umræðuna um húsnæðismarkaðinn stundum byggja á misskilningi.

„Þegar upplýsingar eru af skornum skammti og aðilar tala ekki sama tungumál þá er ekki hægt að ætlast til þess að okkur miði hratt áfram, því miður. Ef við tökum eitt dæmi um þetta þá vil ég nefna hugtakið „byggingarhæf lóð“ en það er lóð þar sem skipulag er samþykkt, vatn og rafmagn verið lagt að lóðinni. Þetta þýðir að þéttingarreitir sem hafa verið skipulagðir teljast allir vera byggingarhæfar lóðir, þrátt fyrir að mannvirki standi á þeim. Ýmis dæmi eru um þetta, meðal annars Heklureiturinn þar sem starfrækt er bílasala og verkstaði þar sem verður starfsemi a.m.k. næstu tvö árin eða svo. Þetta þýðir að hægt verður að taka íbúðir í notkun á svæðinu eftir fimm ár hið fyrsta, eftir að núverandi mannvirki hafa verið rifin og ný mannvirki reist frá grunni. Það er engum greiði gerður með því að afvegaleiða umræðuna svona.“

## Áratugur nýsköpunar

Sigurður segir að SI trúir því að vöxtur framtíðar verði drifinn áfram af nýsköpun. „Við sjáum að þriðji áratugur þessarar aldar er áratugur nýsköpunar og hugverkaiðnaðar á Íslandi, rétt eins og uppbygging og stækkun fjármálakerfisins dreif vöxt á fyrsta áratugnum og ferðapjónustan á þeim öðrum. Í byggingariðnaði er heilmikil nýsköpun og þar stundaðar rannsóknir, sem mættu þó vera umfangsmeiri. Þeir gallar og þau mistök sem kunna að eiga sér stað innan byggingageirans geta verið mjög kostnaðarsöm fyrir samfélagið. Fjárfesting í rannsóknum á þessu sviði er því gríðarlega arðbær, þar sem þær geta komið í veg fyrir mistök og galla í framtíðinni. Við fögnum því að innviðaráðherra og HMS hafi ásamt okkur ráðist í nauðsynlega vinnu til að stórefla rannsóknarumhverfi mannvirkjagerðar á Íslandi. Þessi áfangi var kynntur nýlega en niðurstöðurnar verða kynntar í lok næsta árs.“